

ÁRSSKÝRSLA 2021-2022

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 23. febrúar 2022

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

14. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2022

Haldinn í húsnæði Hjálpræðishersins, Suðurlandsbraut 72, Reykjavík, 23. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

- Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
- Skýrsla stjórnar: Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður
- Reikningar samtakanna: Sigríður Örlygsdóttir, gjaldkeri
- Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
- Tillögur um breytingar á samþykktum
- Kosning stjórnarmanna
- Kosning varamanna
- Kosning skoðunarmanna
- Önnur mál

FRÁFARANDI STJÓRN 2021-2022

Aðalstjórn: Ásthildur Lóa Þórsdóttir (formaður), Vilhjálmur Bjarnason (varaformaður), Sigríður Örlygsdóttir (gjaldkeri), Einar Valur Ingimundarson (ritari), Hafþór Ólafsson (meðstjórnandi).

Varastjórn: Björn Kristján Arnarson, Hólmsteinn Brekkan, Stefán Stefánsson, Ragnar Unnarsson, Þórarinn Einarsson

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2022

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2022 verði óbreytt, 4.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2022

Skýrsla stjórnar þrettánda starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 24. febrúar 2021 til 23. febrúar 2022, fyrir 14. aðalfund samtakanna, 23. febrúar 2022.

Ávarp formanns

Við í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna höfum stundum haft það á orði að samtökin ættu ekki að vera til; að það ætti ekki að vera þörf fyrir samtök sem þessi.

En nú þegar þjóðfélagið og heimurinn allur hefur verið í greipum farsóttar og afleiðingar hennar á efnahagslífið hafa verið áberandi í opinberri umræðu í tvö ár má færa rök fyrir því að þörfin fyrir þau hafi sjaldan eða aldrei verið meiri en nú síðan þau voru stofnuð.

Þörfin eftir hrunið var mikil. Þá tók ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir þá meðvituðu ákvörðun að fórna heimilunum og Hagsmunasamtökin tóku til varna fyrir þau.

Því skal haldið til haga að hefðu Hagsmunasamtök heimilanna ekki verið til staðar hefði engin tekið til varna fyrir heimilin. Augljóslega var þá, eins og alla tíð síðan, við ofurefli að etja og að minnsta kosti 15.000 fjölskyldur misstu heimili sín, VEGNA stjórnvalda sem með aðgerðum sínum, eða eftir atvikum aðgerðarleysi, festu heimilin í gildru bankanna, þar sem þau gátu enga björg sér veitt.

Þetta vitum við sem störfum á vettvangi Hagsmunasamtakanna því mörg okkar lentu í þessum hakkavélum bankanna sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir smíðaði fyrir þá. Ef við lentum ekki sjálf í þessari skelfingu höfum við horft upp á og orðið vitni að aðförum bankanna gegn ástvinum og fylgst með einhverjum þeirra þúsunda mála sem hafa komið á borð HH.

Við vitum hvað getur gerst og við sjáum viðvörunarmerkin, jafnvel þegar enginn annar virðist sjá þau eða vilja viðurkenna stöðuna eins og hún er.

Núna blikka öll viðvörunarljós eins og jólatré á sterum.

Þau hafa blikkað lengi, að minnsta kosti frá upphafi faraldurs þegar Hagsmunasamtökin sáu fyrst hvert stefndi, vöruðu við verðbólgunni sem framundan væri og kröfðust þess að heimilin yrðu varin.

Fyrsta aðvörunin og krafa um vernd fyrir heimilin var nánar tiltekið send frá okkur 11. mars 2020 (Viðspyrnu er þörf fyrir hagkerfið og heimilin / RÚV: Ekki minnst einu orði á heimilin). Hún vakti mikla athygli og var fylgt eftir með Áskorun til Ríkisstjórnar Íslands og Alþingismanna.

Til að gera langa sögu stutta, þá var gert lítið úr áhyggjum okkar. Bæði fjármálaráðherra og Seðlabankastjóri sögðu ábúðarmiklir að engin hætta væri á verðbólgu, því Seðlabankinn hefði sett sér verðbólguþol og myndi standa vörð um það.

Þetta vekur upp spurningar um af hverju verðbólga hafi nokkurn tímann verið á Íslandi fyrst Seðlabankinn þarf ekki annað en að setja sér markmið til að hún verði ekki.

Síðan hefur allt ræst sem Hagsmunasamtökin vöruðu við og staða heimilanna versnar stöðugt.

Það er umhugsunarefni út af fyrir sig, að grasrótarsamtök sem rekin eru af sjálfbóðaliðum og samtals einu stöðugildi, spái betur fyrir um efnahagshorfurnar en Seðlabankinn, fjármálaráðuneytið og allar hagdeildir bankanna geta gert, en nóg um það hér.

Eftir stendur sú staðreynd að EKKERT, ekki nokkur skapaður hlutur, hefur verið gerður til að verja heimilin fyrir efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldurs.

Það hefur hins vegar verið tryggt og varið á alla kanta, að bankarnir fái sitt og miklu meira til.

Vissulega hefur verið gripið til aðgerða til að verja fyrirtæki sem orðið hafa fyrir tekjumissi og Hagsmunasamtökin fagna því.

Þannig aðgerðir hljóta alltaf að skila sér til einhverra heimila sem verða þá síður fyrir tekjumissi en það er ekki SÚ vörn fyrir heimilin sem við erum fara fram á.

Til að verja heimilin þarf að setja þak á húsnæðiskostnað heimilanna. Það þarf að gera þá kröfu á fjármálastofnanir að þær séu þátttakendur í samfélaginu og að fjármagnsöflin lagi óhóflegar kröfur sínar um hagnað að ástandinu í þjóðfélaginu, í stað þess að nýta sér það til hagnaðar og standa svo eins og gráðugir úlfar sem bíða þess að feitir bitar falli þeim í skaut.

Mjög margir hafa orðið fyrir tekjumissi á þessum tveimur árum og hjá mörgum fyrirtækjum og einstaklingum er staðan virkilega alvarleg.

Væri ekki allt í lagi að bankarnir myndu finna eitthvað fyrir kreppunni á sama hátt og allir aðrir?

Eiga þeir alltaf að vera stikkfrí?

Og það er ekki nóg með að þeir séu stikkfrí, þeir hafa aldrei hagnast jafn mikið og í einni verstu kreppu sem heimurinn hefur gengið í gegnum.

Viðbrögð Seðlabankans við þessu felast í því að auka álögurnar á heimilin með því að hækka vexti.

Það er í fyrsta lagi mjög vafasamt að vaxtahækkunar ná yfirlýstum árangri, sem er að sögn að slá á verðbólgu.

En það er klárt að hún nær þeim árangri sem engin talar um, sem er sá að færa eignir heimilanna hratt og örugglega í hendur bankanna. Þessar vaxtahækkunar eru ekkert annað en hrein og klár eignatilfærsla.

Sú “eiginfjárstaða” heimilanna, sem fjármálaráðherra hreykir sér af, byggist á því að húsnæðisverð hefur hækkað og heldur áfram að hækka, svo mikið að það að geta búið sér heimili er að verða að lúxus fyrir útvalda.

Þessi “eiginfjárstaða” byggir ekki á því að skuldir heimilanna við bankanna séu að lækka eins og ætti að vera viðmiðið.

Þegar “eiginfjárstaða” heimilanna batnar eingöngu vegna verðhækkunar á húsnæðisverði þannig að hlutfall skulda, gagnvart uppskrúfuðu húsnæðisverði lækkar, án þess að fjárhagslegar skuldbindingar heimilanna taki nokkrum breytingum, er eitthvað mikið að og þessi staða hlýtur að leiða okkur í ógöngur áður en langt um líður.

Eina „lausnin“ sem heimilunum er boðið upp á til að standa undir þessum hækkunum lána sem Seðlabankinn er að færa bönkunum á silfurfati, er að nota séreignasparnaðinn sinn til að greiða niður skuldir og létta á greiðslubyrði. Það að þessi leið sé í boði sem „lausn“ sýnir betur en flest annað hversu skakkt kerfið er. Með því er verið að færa séreignarsparnað einstaklinga, sem á að létta þeim lífið á efri árum, beint í vasa bankanna og gera hann um leið aðfararhæfan.

Þetta er ótrúlega skammsýn hugsun. Að því sögðu er ekki furða að fólk nýti sér það úrræði, margir eiga ekki annarra kosta vöð, en að þessa „lausn“ þurfi til svo fólk geti staðið undir skuldbindingum sínum, leiðir í ljós þá staðreynd að þetta kerfi stendur ekki undir sér og hlýtur að riða til falls áður en langt um líður, en þá verða bankarnir löngu búnir að hala inn sinn góða feng, og aðrir sem munu sitja uppi með skaðann.

Auk þess er vert að hafa í huga að í öðrum siðmenntuðum löndum getur fólk gert hvort tveggja, greitt af húsnæði sínu OG safnað til efri áranna.

Staðan núna

Svona er staðan nú þegar Hagsmunasamtök heimilanna gera upp starfsemi síðasta árs á aðalfundi samtakanna árið 2022.

Enn er beðið eftir sértækum aðgerðum fyrir heimilin enda hafa fram til þessa, einu raddirnar sem gagnrýna milljarða ágóða bankanna eða vaxtahækkanir þeirra komið frá Hagsmunasamtökunum og örfáum aðilum innan verkalýðshrefingarinnar.

Hagnaðartölur bankanna eru ekki í neinu samræmi við kjör venjulegs fólks sem samviskusamlega greiðir af fasteigna- og neytendalánnum sínum, verðtryggðum eða með breytilegum vöxtum, eins og samtökin hafa ítrekað vakið athygli á mörg undanfarin ár.

Dropinn holar þó steininn og á undanförunum vikum hafa nokkrir stjórnámálmenn loksins stokkið um borð með okkur og stutt við málflutning samtakanna um ofurhagnað bankanna og þau áhrif sem hann hefur á heimili landsins.

Það er ánægjulegt að sjá málflutning Hagsmunasamtakanna hljóta hljómgrunn stjórnámálanna og samtökin fagna öllum stuðningi við málstað heimilanna.

Það hefði þó óneitanlega verið gott ef þeir, hvort sem er fólk eða flokkar, hefðu stutt okkur fyrir, því þá er hugsanlegt að heimilin á Íslandi væru betur stödd en þau eru í dag, auk þess sem samtökin hafa ýmsa fjöruna sopið í þessum málum og lært það af reynslu að ekki fylgir alltaf hugur máli þegar stjórnámálamenn tala. Við verðum samt að vona að svo sé og að orðum fylgi athafnir.

Hagsmunasamtökin hafa haldið uppi umræðunni um varnir fyrir heimilin frá upphafi heimsfaraldurs og spurt áleitinna spurninga.

Til dæmis höfum við spurt hver samfélagsleg ábyrgð banka sé, ekki síst í heimsfaraldri. Er hún einhver eða engin? Geta bankar virkilega haldið áfram að hækka vexti og mala gull á venjulegu fólk í þrengingum?

Fulltrúar hæsta tekjulags samfélagsins vísa í sterka fjárhagsstöðu heimilanna og aukinn kaupmátt til að réttlæta stýrivaxtahækkun fyrir hagkerfið í heild sinni, aðgerð sem þó hefur eingöngu slæm áhrif í för með sér fyrir stóran hóp fólks, ekki síst lág- og millitekjuhópa og þá sem bundnir eru í klafa verðtryggðra lána eða skilmála um breytilega vexti.

Í raun má segja að húsnæðislán landsmanna séu óútfylltur tékki, því við vitum aldrei fyrir víst hvað við eigum að borga mikið frá mánuði til mánaðar.

Verðtrygging eða breytilegir vextir. Alltaf eru bankarnir með belti og axlabönd. Réttindi neytenda eru hins vegar lítils virt. Þessu þarf að breyta og það hefur verið meginsteff samtakanna í umræðunni frá upphafi.

Starfið á árinu

Hagsmunasamtök heimilanna sendu á síðastliðnu ári áskoranir til ríkisstjórnarinnar, töluðu fyrir málefnum heimilanna í starfshópi um efnahagsaðgerðir í kjölfar Covid-19 og funduðu með forsætisráðherra og fjármálaráðherra og fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar, ásamt því að senda frá sér fjölda tilkynninga, greina og umsagna. Það er gert til að hafa áhrif á umræðuna um húsnæðis- og lánamál heimilanna og hvetja til aðgerða. Ákall samtakanna hófst löngu áður en verðbólgan komst í óefni eða heimsfaraldur skall á, í mars 2020. **Krafan hefur einfaldlega verið sú að heimilin séu varin fyrir verðbólgunni og verðtryggingunni sem og að bankarnir sýni samfélagslega ábyrgð í verki.**

Það er hins vegar fyrst á þessu ári sem umfjöllun um áhrif verðbólgunnar hefur loks komist að í stjórn mála umræðunni, enda er hún komin nálægt sex prósentustigum. Svo há verðbólga er alvarleg ógn við stöðugleika í fjárhag heimila, eins og margir félagsmenn þekkja af eigin raun.

Það eitt og sér er verulega ámælisvert og óhætt að segja að ríkisstjórnin hafi verið í algjörrri afneitun og flotið sofandi að feigðarósi á meðan augljóst var í hvað stefndi.

Það er ekki merki um þá “traustu efnahagsstjórn” sem ríkisstjórnin þykist geta státað af, að láta reka á reiðanum með þessum hætti auk þess sem hún virðist ekki skilja að það eru heimilin sem eru undirstaða efnahagslífsins, því án þeirra hefðu hvorki bankar né fyrirtæki neitt að gera.

Er “faðmur” verðtryggingarinnar “hlýr”?

Hagsmunasamtökin hafa barist fyrir afnámi verðtryggingar á lánum neytenda frá stofnun sinni í byrjun árs 2009.

Verðtrygging á hins vegar fullan rétt á sér í réttu samhengi og hreinlega verður að vera fyrir hendi á lánum milli fagfjárfesta og banka, sem og ríkisskuldabréfum, því þannig hafa þessir aðilar hag að því að halda verðbólgunni í skefjum.

Á Íslandi hefur þessu hins vegar verið snúið við. Hér er verðtrygging á lánum neytenda, sem hafa enga möguleika á því að hafa áhrif á verðbólguna, en ekki í sama mæli á skuldbindingum fagfjárfesta og banka sem hafa þess vegna haft gríðarlegan hag af því að verðbólga sé alltaf til staðar og græða beinlínis á henni.

Verðtryggð lán eru flókin afleiðulán og eiga aðeins að vera á boðstólum fyrir fagfjárfesta sem gera ekkert annað en að fylgjast með markaðnum og spá í afleiðingar hans á lán sín og fjárfestingar. Neytendur hafa hins vegar hvorki bolmagn né þekkingu til þess auk þess sem þeir hafa enga leið til að hafa áhrif á markaði eða afleidd áhrif þróunar þeirra á lán þeirra og skuldbindingar.

Inni í félagsmálaráðuneytinu liggur skýrsla sem ekki fæst birt, enda leiðir hún í ljós hversu alvarlega ríkisstjórnir síðustu áratuga hafa brotið gegn heimilum landsins og það má fullyrða að þær ríkisstjórnir sem setið hafa frá hruni hafi sýnt einbeittan vilja til þess að viðhalda því broti gagnvart þjóðinni sem felst í útbreiðslu verðtryggingar á skuldbindingum almennings.

Það skal tekið fram að þáverandi félagsmálaráðherra segist hafa haldið að skýrslan hefði verið birt og gefið fyrirmæli um það og núverandi félagsmálaráðherra hefur tekið mjög vel í að skoða málið og athuga hvort hún fái birt vegna reglna um birtingu skýrslna samkvæmt beiðnum frá fyrri þingum, en niðurstaða hefur ekki enn fengist í það mál.

Skýrslubeiðnin var lögð fram haustið 2018 á Alþingi til þáverandi félags og jafnréttismálaráðherra um úttekt á stöðu ólíkra hópa fólks með tilliti til eigna-, tekju- og atvinnustöðu tíu árum eftir hrún. Frummælandi var Þórunn Egilsdóttir heitin, þingmaður Framsóknarflokksins en alls stóðu 12 þingmenn úr 5 flokkum að skýrslubeiðninni.

Skýrslubeiðnin var útfærð í samvinnu við Hagsmunasamtök heimilanna sem komu liðnum „Áhrif verðtryggingar lána heimilanna á heimilin og hagkerfið“ að í skýrslubeiðninni. Aðrir liðir skýrslubeiðninnar snerust aðallega um mikilvægar tölulegar upplýsingar sem gætu komið að góðum notum þegar Rannsóknarskýrsla heimilanna verður loksins gerð.

Ólafur Margeirsson hagfræðingur var fenginn til að leiða vinnu við skýrslugerðina enda er skýrslan vel og fagmannlega unnin þó teymið hans hafi ekki fengið svör við öllum sínum spurningum. Ástæða þess að vinnan við skýrsluna tók jafn langan tíma og raun ber vitni er að opinberir aðilar svöruðu fyrirspurnum oft bæði seint og illa eða jafnvel neituðu að veita upplýsingar sem þeir búa yfir. Það er annarra að takast á við þann vanda stjórnsýslunnar og verður ekki nánar fjallað um það hér.

Í stuttu máli leiðir kaflinn um “Áhrif verðtryggingar á hagkerfið og heimilin” það glögglega í ljós að verðtryggingin veldur:

- Aukinni verðbólgu
- Háum stýrivöxtum
- Óstöðugra gengi krónunnar
- Auknum sveiflum efnahagslegra mælikvarða
- Hækkun húsnæðisverðs sem aftur leiðir til hærri skuldsetningar

Hún hreinlega breytir almenningi í fóður fyrir bankanna.

Um þetta fjölluðum við Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, í grein sem birtist á visir.is skömmu fyrir kosningar og heitir *Saga um staðfestan glæp gegn þjóðinni*. Til nánari skýringa vísast í hana.

Eftir stendur sú staðreynd að verðtryggingin er hunangsgildra sem fólk er veitt í með fyrirheitum um lægri afborganir húsnæðislána en í raun má frekar líkja þessu við það að pissa í skóinn sinn.

Vissulega eru afborganirnar lægri til að byrja með, en eins og staðan er í dag þá tekur það ekki nema um tvö ár fyrir mánaðarlega greiðslubyrði verðtryggðs láns að ná sambærilegu óverðtryggðu láni.

Þá eru 38 ár eftir af lánstímanum og á þeim tíma hækkar greiðslubyrði verðtryggðs láns í takti við hækkandi höfuðstól. Í fyrstu hægt en svo koma snjóboltaáhrifin í ljós og hún hækkar í veldisvexti til loka lánstímans. Neytandinn borgar og borgar en eignast í raun ekki neitt, fyrr en á allra síðustu metrunum, ef hann ræður yfirleitt við þær margföldu afborganir sem hann þarf þá að standa undir. Áður en þar að kemur hafa flestir endurfjármagnað og fest sig í vítahring verðtryggingar út lífið.

Margoft hefur verið reynt að réttlæta verðtryggingu með því að án hennar standist þeir tekjulægstu ekki greiðslumat bankanna.

Þannig að lausnin sem boðið er upp á fyrir þá tekjulægstu, eru óhagstæðustu lán sem fyrirfinnast í víðri veröld.

Er það ekki hreinlega brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar fyrir utan þær óteljandi siðferðislegu spurningar sem setja má við slík viðhorf?

Kjarni málsins er náttúrulega sá að Íslendingar búa við fársjúkt lánaumhverfi og það verður ekki lagað með því að festa þá sem verst eru staddir í gildru verðtryggðra lána.

Hún felst í því að banna þau með öllu til að verja neytendur fyrir þeim og þá um leið munu vextir lækka því bankarnir verða að lána og þá verður fólk að hafa efni á því að taka lán.

Nú er verðtryggðum lánnum hampað sem lausn í verðbólgu og jafnvel gengið svo langt að tala um “hlýjan faðm verðtryggingarinnar” á óvissu tímum.

Þetta er hrein og klár lygi. Það er ekki hægt að nota mildara orð um það. Þetta er lygi og blekking til að tæla neytendur sem flúið hafa verðtrygginguna aftur í gildruna.

Þegar svo fjármálaráðherra sjálfur ræðir um verðtrygginguna sem “lausn” er hann að skorast undir sinni ábyrgð til að takast á við vandann sem fyrir er.

Hann á einfaldlega að krefjast þess að bankarnir taki samfélagslega ábyrgð og lækki sína vexti.

Fimm ára gamalt verðtryggt lán upp á 30 milljónir stendur núna í um 32,5 milljónum króna. Haldist verðbólgan í 5,7% út þetta ár, mun neytandinn borga 7,3 milljónir í viðbót á lánstímanum, vegna þessa eina árs og eins og staðan er í dag er ekki útlit fyrir að verðbólgan lækki í bráð.

Jafnvel þó verðbólgan lækki á næsta ári, mun þetta lán líka hækka þá um einhverjar milljónir ofan á það sem þegar er og þá bætist verðbólgan ekki aðeins á 30 milljónir heldur ofan á 33,5 milljónir, samkvæmt mjög einfölduðum útreikningi.

Þannig verða til snjóboltaáhrif og veldisvöxtur í afborgunum lánsins út lánstímann.

Það er skylda ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að vöxtum verið stillt í hóf, þannig að heimilin ráði við skuldbindingar sínar án þess að flýja í faðm úlfs sem gleypir þau lifandi.

Verðtryggingin gerir ekkert annað en að seinka vandanum og lengja í snörunni. Afleiðingarnar verða samt þær sömu eða svipaðar á endanum.

Hagnaður bankanna

Stjarnfræðilegur hagnaður bankanna er náttúrulega úr öllu korti og nær ekki nokkurri átt.

Þrjár stærstu bankar landsins högnuðust um 81,3 milljarða á síðasta ári og ef öll þjóðin, 360.000 manns væri í viðskiptum hjá þeim, þá hefði hvert og eitt okkar greitt 225.000 krónur til bankanna á síðasta ári.

Við höfum reyndar greitt mun meira til bankanna en það, því þetta er það sem bankarnir hafa innheimt af okkur umfram þörf þeirra til að reka sig en það höfum við þegar greitt til þeirra með einum eða öðrum hætti.

Það er algjörlega sjálfsagt að greitt sé af lánum og kannski eitthvað fyrir raunverulega veitta þjónustu, en er virkilega hægt að réttlæta að hvert og eitt okkar greiði 225.000 krónur í HAGNAÐ bankanna? Þetta er langt umfram “þörf” þeirra til að geta rekið sig.

225.000 krónur á mann, þýðir 450.000 krónur á hjón eða pör. Margir fá ekki meira en 450.000 krónur í útborguð laun og sumir enn minna. Það má því segja að heil mánaðarlaun hafi runnið frá hverju pari til bankanna árið 2021.

En þá erum við ekki farin að taka með í reikninginn að inni í þessum tölum eru líka börn, þannig að hjón með tvö börn hafa séð á eftir 900.000 krónum til bankanna á síðasta ári.

Heil mánaðarlaun frá báðum fyrirvinnum fjölskyldunnar.

Ætli þau hefðu viljað styðja eitthvað annað frekar ef þau hefðu fengið að velja? Eða ætli þeim hefði munað um þessa upphæð í heimilisbókhaldinu?

900.000 Á EINU ÁRI eða 75.000 krónur á hverjum mánuði síðasta árs!

Þessum stjarnfræðilega hagnaði vill ríkisstjórnin ólm koma í hendur fjárfesta.

Mantran um að ríkið eigi ekki að eiga banka hefur aldrei verið rökstudd en hins vegar endurtekin svo oft í sértrúarsöfnuði frjálshyggjunnar að ótrúlegasta fólk trúir henni án þess að efast um sannleiksgildi hennar.

Hagsmunasamtök heimilanna benda á að eftir að hafa verið tugi ára í ríkiseigu, sem gekk að mestu stóráfallalaust fyrir sig, tók það fjárfesta aðeins örfá ár, að setja bankana á hausinn auk þess að draga þjóðina alla með sér í fallinu.

Á hverjum lenti svo áhættan, sem fjármálaráðherra vill ólmur verja þjóðina fyrir? Hún lenti á okkur. Þjóðinni. Heimilunum í landinu og sum þeirra guldu hreinlega fyrir þetta glæfraspil með lífi sínu. Þeim var fórnað á altari bankanna og hent í gráðugan kjaft þeirra.

Það sama mun gerast “næst”. Því “næsta skipti” mun svo sannarlega koma á endanum fái fjárfestar, vogunarsjóðir, fjárfestingarsjóðir og fjárglæframenn að fara sínu fram, sem sagan sýnir að þeir muni vissulega fá að gera.

Það er algjörlega ljóst að bankarnir eru að taka allt of mikið til sín af fjármagninu í landinu. Því þarf að breyta en það er morgunljóst að hagnaður þeirra mun ekki minnka þegar svokallaðir “fagfjárfestar” sem hugsa ekki um neitt annað en eigin hagnað verða komnir með öll völd.

Það versta sem ríkisstjórnin getur gert er að láta allan þennan hagnað flæða til þeirra einkanota. Í versta falli á hann að koma þjóðinni til góða í gegnum eignarhald ríkisins á bönkunum.

Það besta sem ríkisstjórnin gæti gert væri að stofna samfélagsbanka og minnka álögur bankanna á heimilin, því þessum fjármunum er best komið í þeirra höndum.

En nú á selja þannig að það er erfiður slagur á næsta leiti.

Framtíðin

Hagsmunasamtökin standa á tímamótum. Það má segja sem svo að þau hafi fyrir löngu slitið barnsskónum án þess að hafa getað flutt almennilega að heiman og það hefur hamlað vexti þeirra.

Hagsmunasamtökin eru aðallega rekin fyrir félagsgjöld og þeim hefur alltaf verið skorinn þröngur stakkur fjárhagslega. Af þeim sökum eru allir stjórnarmenn í sjálfboðavinnu og einungis ein launuð staða sem hefur skipst á tvo aðila, lögfræðing samtakanna og starfsmann skrifstofu sem heldur utan um allt starf samtakanna. Án starfsmanns skrifstofu væri ekki nokkur leið fyrir stjórnarmenn að reka samtökin, meðfram annarri vinnu. Það þarf svo ekki að ræða mikilvægi lögfræðings samtakanna því mjög stór hluti af starfi samtakanna byggist að meira eða minna leyti á lögfræðilegum grunni.

Þessir tveir starfsmenn hafa í sameiningu sinnt ráðgjöf við þá sem til okkar leita. Það hefur verið stefna Hagsmunasamtakanna frá upphafi að vísa engum frá. Allir sem til okkar leita fá aðstoð og leiðbeiningar við lausn sinna mála. Það er algengt að þeir sem til okkar leita hafi leitað eftir aðstoð annars staðar fyrst, hjá lögfræðingum eða Umboðsmanni skuldara, en ekki fengið ráðleggingar sem komu að gagni eða þá aðstoð sem þau þurftu til að leysa úr sínum málum, fyrr en hjá HH.

Ástæða þess er í mörgum tilfellum sú að margir lögfræðingar og Umboðsmaður skuldara, virðast ekki þekkja réttindi neytenda nógu vel eða líta á kröfur bankanna sem “endanlegan dóm”. Oft liggja t.d. inni fyrndar kröfur hjá innheimtuaðilum eða Creditinfo, sem einungis þarf að skrifa eitt eða tvö bréf út af til kröfuhafa til þess að leysa málin.

Að þessu sögðu er það að sjálfsögðu ekki á valdi HH að hjálpa öllum, en við getum þó nánast alltaf leiðbeint í gegnum frumskóginn sem þessi mál eru í augum flestra og veitt stuðning í gegnum það ferli. Oft er sá stuðningur mikils virði fyrir þau sem upplifa sig ein í erfiðum aðstæðum.

Hagsmunasamtökin stefna að því að efla mikið ráðgjöf sínar og leiðbeiningar á þessu ári. Til þess að svo megi verða þurfum við aukinn fjárhagslegan styrk úr opinberum sjóðum og erum bjartsýn á að árangur náist í þeim efnum áður en langt um líður.

Draumurinn væri að fá sem svarar launakostnaði tveggja starfsmanna í styrk frá ríkinu en við værum mjög sátt við einn. Þetta er ekki stór krafa þegar litið er á málin í víðara samhengi.

Til Hagsmunasamtaka heimilanna hafa leitað álíka margir frá hrúni og Umboðsmaður skuldara hefur veitt liðsinni.

Einn stærsti munurinn á þessum tveimur aðilum, fyrir utan það að Umboðsmaður skuldara er ríkisstofnun en Hagsmunasamtökin grasrótarfélag sem að meginstofni er rekið af hugsjón og í sjálfboðastarfi, er að Umboðsmaður skuldara hjálpa skuldurum að standa undir kröfum bankanna á meðan Hagsmunasamtökin skoða kröfurnar með tilliti til lögvarinna réttinda neytenda og hafa oftár en ekki fundið út að þær standast ekki slíka skoðun.

Að auki má nefna starfsmannafjöldann, því hjá Umboðsmanni skuldara hafa stöðugildi mest verið um 80 en voru 15,3 árið 2020. Hagsmunasamtök heimilanna eru með eitt.

Umboðsmaður skuldara hefur, samkvæmt heimasíðu sinni, sent þrjár umsagnir um lög til Alþingis, á meðan Hagsmunasamtök heimilanna hafa í hundruðum tilfella séð ástæðu til að standa upp fyrir hagsmunum neytenda og heimilanna frammi fyrir löggjafanum með umsögnum um ýmis mál.

(Reyndar vantar eina umsögn inn í tölfræðina hjá Umboðsmanni skuldara, en það er umsögn embættisins um hin svokölluðu “Árna Páls lög” árið 2010, enda beygði embættið sig einfaldlega undir löginn sem það gagnrýndi svo harkalega og vill því kannski ekki halda henni á lofti).

Umboðsmaður skuldara hefur kostað ríkið hátt í 6 milljarða frá hrúni. Hagsmunasamtök heimilanna hafa frá upphafi fengið 30 milljónir af skúffufé ýmissa ráðherra en þriðjung af því, eða 10 milljónir fengu samtökin frá þáverandi félagsmálaráðherra á síðasta ári.

Skekkan er því mikil og Umboðsmaður skuldara er alls ekki að sinna því mikilvæga hlutverki sem Hagsmunasamtökin sinna, sem er barátta fyrir neytendum á fjármálamarkaði, fyrir réttindum þeirra og hagsmunum heimila landsins.

Það munu margir þurfa aðstoð þegar líður á þetta ár og afleiðingar vaxtahækkana og verðbólgu fara að koma í ljós.

Við þurfum því að auka sýnileika okkar með föstum opnunartímum í góðu skrifstofurými og a.m.k. einum starfsmanni í viðbót.

Lausnir sem ríkisstjórnin þarf að grípa til án tafar

Það er ástæða til að hafa gríðarlegar áhyggjur af stöðu heimilanna í vaxandi verðbólgu og þeim vaxtahækkunum sem þegar hafa orðið og fyrirsjáanlegar eru á næstu dögum, vikum og mánuðum. Fyrir mörg heimili, ekki síst þau sem eru á leigumarkaði, mun hækkandi húsnæðiskostnaður lenda á þeim eins og skriða sem ekkert fær stöðvað og þar þarf ekki spyrja að leikslukum. Hjá öðrum munu áhrifin eiga sér stað hægar en þau munu vera langvarandi, verði ekkert að gert.

Í þessari kreppu gerist allt hægar en í bankahruninu 2008 þegar það sauð upp úr í einu vetfangi eftir að bankarnir féllu einn af öðrum.

Núna erum við meira eins og froskurinn í vatninu sem hitnar smátt og smátt þannig að hann áttar sig ekki á því fyrr en það er orðið of seint fyrir hann að stökkva upp úr pottinum og bjarga sér.

Núna er enn hægt að grípa inn í og koma í veg fyrir skaðann sem annars mun verða og einmitt þess vegna er þyngra en tárur tekur að sjá ríkisstjórnina fórnar heimilunum með aðgerða- og sinnuleysi.

Það er vægast sagt mjög hæpið að vaxtahækkarnir Seðlabankans og svo viðskiptabankanna í kjölfarið, geri nokkuð til að slá á verðbólgu. Til þess eru verðtryggð lán allt of stór hluti af lánasöfnunum en auk þess er verðbólgan að mestu leyti innflutt, þannig að minni neysla íslenskra heimila mun alls ekki slá á hana.

Það sem vaxtahækkarnir hins vegar gera er að auka verulega á byrðar heimilanna sem kemur að sjálfsögðu harðast niður á þeim sem verst standa, því þau hafa ekkert fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við öllum þessum hækkunum.

Enn fremur er þetta hrein og klár eignatilfærsla frá heimilunum til bankanna sem, svo vægt sé til orða tekið, hafa ekkert við meira fé að gera. Um það skrifuðum við Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, grein sem birtist hjá Kjarnanum og heitir Hrein og klár eignatilfærsla.

Ríkisstjórnin flýtur enn og aftur sofandi að feigðarósi og virðist ekki gera sér neina grein fyrir samhengi hlutanna, til dæmis því hvernig kjaraviðræður verði í haust verði ekkert gert til að verja heimilin fyrir því “force majeure” ástandi sem skapast hefur vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Aðgerðirnar sem þyrfti að ráðast í eru hvorki margar né flóknar.

Ríkisstjórnin þarf í aðalatriðum að ráðast í þrennar aðgerðir. Hún þarf að:

- Taka húsnæðisliðinn úr vísitölunni
- Krefja bankana um að sýna samfélagslega ábyrgð
- Frysta verðtryggingu á lánum og leigu í a.m.k. eitt ár

Förum aðeins nánar yfir ástæður og áhrif þessara einföldu aðgerða.

- Taka húsnæðisliðinn úr vísitölunni.
 - o Verðbólgan er 5,7% en án húsnæðisliðar væri hún 3,7%.
 - o Með þessari einföldu aðgerð væri slegið á verðbólguna og hennar keðjuverkandi áhrif eins og t.d. hækkandi leiguverð og vexti.
- Krefja bankanna um að sýna samfélagslega ábyrgð.
 - o Lækka vexti og álögur á viðskiptavini.
 - o Minnka arðsemiskröfur.
- Frysta verðtryggingu á lánum og leigu allt þetta ár.
 - o Frumvarp þess efnis er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.
 - o Það er eðlileg krafa að bæði bankar og leigusalar séu ekki einir undanþegnir tekjufalli vegna afleiðinga heimsfaraldurs og óeðlilegt að þeir hagnist á ástandinu.
 - o Heimilin, sérstaklega á leigumarkaði, standa ekki undir þessum hækkunum.
 - o Þetta er það ALLRA MINNSTA sem hægt er að gera til að verja heimilin sem verst standa.

Bara þessar einföldu ráðstafanir myndu milda höggið og erfiðleika heimilanna og þannig liðka fyrir kjaraviðræðum sem verða nógu erfiðar samt.

Samtökin eru óflokksbundin

Formaður Hagsmunasamtakanna, sú sem hér ávarpar félagsmenn, er kominn inn á Alþingi. Hagsmunasamtökin eru eftir sem áður óflokksbundin samtök og rétt er að taka fram að formaður hefur algjörlega lagt það í hendur stjórnar hvort hann gegni áfram formennsku í stjórn samtakanna eða það verði falið öðrum. Sú stjórn sem nú situr hefur verið sammála um að það sé málstað samtakanna og heimilanna til framdráttar að formaður þeirra sé kominn inn á Alþingi.

Það er svo undir þeirri stjórn komið, sem nú verður kjörin að skipta með sér verkum og ákveða hvort hún sé sama sinnis og treysti mér til áframhaldandi forystu.

Núverandi formaður mun að sjálfsögðu beygja sig undir ákvörðun nýrrar stjórnar í þeim efnum.

Það er ljóst að barátta Hagsmunasamtaka heimilanna mun skipta miklu máli á næstu vikum og mánuðum. Krafa okkar frá upphafi faraldursins hefur verið að enginn missi heimili sitt vegna hans.

Því miður virðist stefna í harðan slag fyrir þessari hógværu og sjálfsögðu kröfu, við ríkisstjórn sem virðist líta á heimilin sem fóður fyrir bankanna.

Þetta er slagur sem Hagsmunasamtökin munu taka án þess að gefa nokkuð eftir.

Núna er full ástæða til að biðja Guð að blessa Ísland.

Starfsárið í meginráttum

Umræðan

Nú þegar Hagsmunasamtök heimilanna gera upp starfsemi síðasta árs og undirbúa aðalfund hefur umfjöllun um áhrif verðbólgunnar loks komist að í stjórn málaumræðunni, enda komin nálægt sex prósentustigum. Svo há verðbólga er alvarleg ógn við stöðugleika í fjárhag heimila. Í þessum eftirköstum og efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs á þjóðfélagið, snemma á árinu 2022, halda bankarnir áfram að skila af sér ofurhagnaði og ekki sér fyrir endan á þeirra gróða í krepputíð. Á liðnu ári hafa samtökin spurt áleitinna spurninga um samfélagslega ábyrgð banka í efnahagserfiðleikum og kallað eftir varnaraðgerðum fyrir heimilin gagnvart verðtryggingunni og verðbólgunni. Enn er beðið eftir aðgerðum.

Hagsmunasamtök heimilanna sendu á síðastliðnu ári áskoranir til ríkisstjórnarinnar, töluðu fyrir málefnum heimilanna í starfshópi um efnahagsaðgerðir í kjölfar Covid-19 og funduðu með forsætisráðherra og fjármálaráðherra, fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar, ásamt því að senda frá sér fjölda tilkynninga, greina og umsagna. **Ákall samtakanna hófst löngu áður en verðbólgan komst í óefni, eða strax í mars 2020 þegar heimsfaraldurinn barst til Íslands.**

Fyrsta áskorun ársins 2021 fór í maí frá samtökunum til stjórnvalda um að standa við gefin loforð um aðgerðir. Áskorunin var birt á vefsíðu samtakanna undir yfirskriftinni: Stjórnvöld hafa brugðist réttmætum væntingum heimilanna og um hana var til að mynda fjallað á vefmiðlinum mbl.is: Stjórnvöld bregðist við verðbólguþykningu. Engin umræða eða lausnir voru ræddar né kynntar á opinberum vettvangi á þessu tímabili fyrir heimilin. Síðar í sama mánuði var opnu bréfi beint til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra: Almenningur er ekki fóður fyrir bankana. Með því voru samtökin að vekja athygli á þeirri gríðarlegu mótsögn sem annars vegar speglast í kjörum venjulegs fólks og stöðu samfélags í kreppuástandi, og hins vegar hagnaðartölum bankanna. Viðbrögðin voru engin. Sinnuleysið var algjört.

Í septembermánuði sendu samtökin síðan frá sér gagnrýna fréttatilkynningu um vaxtahækkunar bankanna og bentu á hve fljótir bankarnir séu til við vaxtahækkunar en tregir við vaxtalækkunar. Þær hafa einfaldlega ekki skilað sér að fullu, þar af leiðir að: Bankarnir skulda heimilunum lægri vexti. Tilkynningunni var fylgt eftir með brýningu til bankanna um að halda aftur af vaxtahækkunum, því að eins og segir í áskoruninni, vaxtahækkunar eru ekkert lögmál og engin þörf á þeim.

Annað sem stendur upp úr á árinu er þingmál sem lítið fór fyrir í umfjöllun fjölmiðla um þingið, en opinberaði afstöðu Alþingismanna til verðtryggingarinnar, (sjá nánar Afstaða stjórn málaflokka til verðtryggingar opinberuð). Það sem hefði getað orðið greið leið út úr verðtryggðum lánum yfir í óverðtryggð fyrir fjölmarga, var hafnað af meirihluta þingsins. Í beinum tengslum við þetta mál birtu samtökin auglýsingu í Fréttablaðinu fyrir Alþingiskosningarnar - Svik á svik ofan -, þar sem fjallað er um viljaleysi meirihluta þingsins við að losa fólk undan verðtryggingu lána og þeim fjárhagslega óstöðuleika sem henni fylgir.

Löng svikaslóð loforða um afnám verðtryggingar blasir við og með því að hafna þessari aðgerð, var afstaða stjórn málaflokka opinberuð. Sagan sýnir svik á svik ofan um málefni verðtryggingarinnar og tal um afnám hennar sem er orðið óþægilega afhjúpanði um völd fjármálakerfisins.

Hrunið og félagsleg áhrif þess eru ávallt nátengd starfsemi samtakanna og halda verður á lofti reynslu félagsmanna og annarra sem misstu heimili sín í hruninu. Margir þeirra festust á vanskilaskrá til langs tíma sem hefur haft margþætt áhrif á lífsskilyrði þeirra alla tíð síðan. Formaður Hagsmunasamtaka heimilanna ræddi um stöðu þessa fólks í viðtali hjá Reykjavík síðdegis í ágústmánuði, sem vakti athygli og gerði það að verkum að aukin ásókn varð í ráðgjafarþjónustu samtakanna í kjölfarið. Það var því skref í rétta átt gagnvart réttarstöðu skuldara (lántakenda) þegar Persónuvernd úrskurðaði skráningu umdeilda skulda á vanskilaskrá óheimila (*Skráning umdeilda skulda á vanskilaskrá er óheimil*) eftir að lögfræðingur samtakanna hafði fylgt málinu eftir af festu.

Hluti af framþróun í starfi samtakanna er einnig að efla *óháða ráðgjafarþjónustu samtakanna* og því hafa þau um nokkurt skeið leitað hófanna um samstarf og þjónustusamning við stjórnvöld og munu halda því áfram. Það er skilyrðislaus krafa sem byggir á reynslu samtakanna af hruninu, að geta veitt heimilunum óháða ráðgjafarþjónustu í sínum lánamálum, því oftast en ekki var Umboðsmaður skuldara verri hjálp en engin á árunum eftir hrun enda afskiptaleysi ráðandi í stórkostlegum vanda þúsunda lántakenda á þeim tíma, (sjá nánar *Stofnanir brugðust í hruninu*). **Allt er þetta liður í því að komast betur að í umræðunni, ná hljómgrunni um kröfuna um bætt kjör og framþróun í réttindamálum neytenda á fjármálamarkaði.**

Formaður stjórnar, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, var iðin við greinaskrif á árinu 2021, eins og árin á undan og greinar hennar vekja jafnan athygli. Henni vex ásmegin og baráttumál hennar fengu meðbyr og samastað hjá Flokki fólksins á síðasta ári, í Alþingiskosningum. Málefni sem formaðurinn brennur fyrir og eiga sér rætur úr persónulegri reynslu af efnahagshruninu hafa gert hana að augljósri baráttukonu fyrir málefnum Hagsmunasamtaka heimilanna. Hún leiddi framboðslista Flokks fólksins í Suðurkjördæmi í Alþingiskosningum og uppskar örugga kosningu sem 3. þingmaður kjördæmisins. **Stuðningur við Ásthildi Lóu Þórsdóttur inn á Alþingi og þau málefni sem hún stendur fyrir er ótvíræður** (sjá nánar *Hrunið er óuppgert*). Margar greinar skrifar hún með einum helsta forystumanni vinnandi fólks og formanni VR, Ragnari Þór Ingólfssyni en þau sameinast um fjölmörg hagsmunamál heimilanna. Eftirfarandi er upptalning á nokkrum af þeim greinum.

10. janúar 2021 Hrein og klár eignatilfærsla

27. apríl 2021 Föst í klóm sérhagsmunaaflla

27. maí 2021 Miskunnarleysi, tómlæti og mannfyrirlitning

6. ágúst 2021 Bankarnir eru baggi á samfélaginu - Formenn VR og Hagsmunasamtaka heimilanna: Bankarnir eru blóðsuga á samfélaginu

Félagsmenn geta kynnt sér önnur verkefni stjórnar í annál samtakanna í ársskýrslunni, sem og fleiri greinar Ásthildar Lóu Þórsdóttur. Annállinn er nokkuð nákvæmt yfirlit verkefna á starfsári stjórnar frá febrúar 2021 til febrúar 2022.

Fundir

Hagsmunasamtök heimilanna funduðu með forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra um málefni verðtryggingarinnar og hækkandi verðbólgu á liðnu ári. Þau áttu einnig fund með forseta ASÍ um húsnæðismál og verðtrygginguna. Snemma á árinu 2022 var farið á fund með nýskipuðum ráðherra neytendamála, Lilju Dögg Alfreðsdóttur og rætt um ráðgjafarþjónustu samtakanna og brautryðjendastarf samtakanna í neytendavernd á fjármálamarkaði.

Á vegum Alþingis sóttu fulltrúar HH fjarfund með efnahags- og viðskiptanefnd vegna frumvarps um úrskurðarnefndir og skömmu síðar vegna frumvarps um verðtrygginguna. Báðir fundirnir voru haldnir fyrri hluta ársins 2021. Í maímánuði var aftur fjarfundað með sömu nefnd um frumvarp um fasteignalán. Í febrúar 2022 voru fulltrúar HH síðan kallaðir til vegna umsagnar sinnar um framlagt frumvarp Ásthildar Lóu Þórsdóttur, alþingismanns og formanns stjórnar HH um frystingu verðtryggingar í heimsfaraldri. Auk þessara funda tóku samtökin þátt í tveimur fundum starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á árinu, á vegum félagsmálaráðuneytisins. Fulltrúar HH sóttu einnig morgunverðarfund ASÍ og Neytendasamtakanna um stöðu neytendaverndarsamtaka á Íslandi og hafa jafnframt sótt reglulega fundi á vegum Almannaheilla og EAPN á Íslandi.

Haldnir hafa verið **11 stjórnarfundir** Hagsmunasamtaka heimilanna frá síðasta aðalfundi, en einum boðuðum stjórnarfundum var aflýst vegna sóttvarna.

Umsagnir og erindi

Samtökin sendu frá sér **19 umsagnir** um hin ýmsu málefni. Þau sendu félagsmálaráðuneytinu erindi um þjónustusamning og greinargerð vegna styrks ráðuneytisins við ráðgjafarþjónustu samtakanna. Samtökin sendu auk þess beiðni til menntamálaráðuneytisins um stuðning við gerð námsefnis um fjármál fyrir öll skólastig. Þá sendu samtökin erindi til ritstjórnar Vísindavefs Háskóla Íslands varðandi umfjöllun vefsins um fjölda þeirra sem misstu húsnæði sitt eftir hrunið.

Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Samtökin sendu frá sér **12 fréttatilkynningar** á liðnu ári. Viðtöl við fulltrúa HH og fréttir af samtökunum voru fjölmörg en fulltrúar samtakanna, umsagnir eða samtökin sjálf komu við sögu með einum og öðrum hætti í fjölmiðlum a.m.k. **94 sinnum**.

HH kynntu óháða ráðgjöf og réttindagæslu á fjármálamarkaði á fréttamiðlum á borð við Visir.is (*“Þarftu óháða ráðgjöf?”*) Þau stóðu að gerð auglýsingar rétt fyrir alþingiskosningar 2022 undir yfirskriftinni *Svik á svik* ofan og birtu hana í Fréttablaðinu. Auk þess gáfu þau út fjölmargar greinar á vefsíðu sinni tengdar verkefnum samtakanna frá síðasta aðalfundi og formaður samtakanna hélt úti Facebook síðu Hagsmunasamtaka heimilanna, sem nú telur yfir 10.000 fylgjendur.

Samstarf

Hagsmunasamtök heimilanna gerðust á árinu aðilar að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans, og hyggjast nú fylgjast grannt með þróun á lagalegu umhverfi almannaheillafélaga og tileinka sér þær breytingar eftir því sem við á. Hagsmunasamtök heimilanna héldu áfram þátttöku í starfi EAPN á Íslandi á árinu, en EAPN á Íslandi er Íslandsdeild evrópskra heildarsamtaka gegn fátækt.

Málaferli og kvartanir:

HH sendu Persónuvernuvernd athugasemdir við drög að stöðluðum skilmálum fyrir starfsleyfi fjárhagsupplýsingastofa og sendu kvartanir til Neytendastofu yfir hækkun Birtu lífeyrissjóðs á vaxtaálagi óverðtryggðra lána. Jafnframt hefur lögfræðingur samtakanna rekið ýmis önnur mál á stjórnarsýslustigi og gagnvart lögaðilum í þágu félagsmanna og baráttumála samtakanna.

Félagsmenn í samtökunum hafi staðið í málaferlum fyrir dómstólum um skaðabótaskyldu ríkisins vegna rangrar innleiðingar á reglum um neytendalán varðandi verðtryggð lán, fyrningarreglur, áhrif ólöglegra skilmála um breytilega vexti o.fl. Síðast en ekki síst var fyrir hönd samtakanna send beiðni til hins nýja Endurupptökudómstóls um endurupptöku verðtryggingarmáls samtakanna.

ANNÁLL STJÓRNAR 2021-2022

- 23.02.2021 Mælt á Alþingi fyrir frumvarpi um breytingar á innheimtulögum (leyfisskylda innheimtufyrirtækja)
- 23.02.2021 Mælt á Alþingi fyrir þingsályktunartillögu um endurskoðun regluverks um fjárhagsupplýsingastofur
- 23.02.2020 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2021**
- 25.02.2021 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna frumvarps um úrskurðarnefndir
- 25.02.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda
- 26.02.2021 Kjarninn.is birtir frétt um að einungis einn aðili hafi tilkynnt hagsmunaverði samkvæmt nýjum lögum
- 26.02.2021 Kjarninn.is greinir frá því að Hagsmunasamtök heimilanna séu þau einu sem hafi tilkynnt hagsmunaverði
- 27.02.2021 Kjarninn.is greinir frá því að skrá yfir tilkynnta hagsmunaverði hafi verið birt á vef stjórnarráðsins
- 27.02.2021 DV.is fjallar um skráningu hagsmunavaraða og birtir lista stjórnarráðsins yfir skráða hagsmunaverði
- 27.02.2021 Mbl.is greinir frá birtingu á skrá yfir hagsmunaverði, þar á meðal samkvæmt tilkynningu HH
- 28.02.2021 Ólafur Ísleifsson fjallar í grein á visir.is um Rannsóknarskýrslu heimilanna og stuðning sinn við kröfu HH
- 01.03.2021 HH senda frá sér yfirlýsingu vegna rangfærslna frambjóðanda til formanns VR í Silfrinu 28. febrúar
- 01.03.2021 Fréttatíminn birtir yfirlýsingu HH vegna rangfærslna frambjóðanda til formanns VR í Silfrinu 28. febrúar
- 02.03.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis
- 02.03.2021 Miðjan.is birtir frétt um áætlun Miðflokksins um að svara ákalli HH um rannsóknarskýrslu heimilanna
- 04.03.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu um ályktun aðalfundar 2021
- 04.03.2021 Fréttatíminn birtir ályktun aðalfundar Hagsmunasamtaka heimilanna 2021
- 04.03.2021 Miðjan.is birtir frétt um ályktun aðalfundar Hagsmunasamtaka heimilanna 2021
- 04.03.2021 Fulltrúi HH situr fund starfshóps um stöðu heimilanna í kjölfar Covid-19 á vegum félagsmálaráðuneytis
- 07.03.2021 Mannlíf vísar til umsagnar HH í umfjöllun um frumvarp um breytingar á verkefnum Neytendastofu
- 08.03.2021 Stjórnarfundur HH nr. 4/2021**
- 09.03.2021 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna frumvarps um verðtryggingu
- 10.03.2021 RÚV fjallaði í tíufréttum um framboð formanns Hagsmunasamtaka heimilanna með Flokki fólksins
- 11.03.2021 Fulltrúi HH sækir málþing Almannaheilla og Vaxandi um samfélagslega nýsköpun
- 12.03.2021 HH senda Alþingi umsögn um tillögu um endurskoðun regluverks um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa
- 16.03.2021 Fulltrúi HH sækir kynningarfund Fjármálavits um mikilvægi kennslu í fjármálalæsi
- 18.03.2021 Fulltrúi HH sækir málþing Almannaheilla og Vaxandi um samfélagsmiðla og fjáröflun félagasamtaka
- 18.03.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um aðgerðir gegn okri á tímum hættuástands
- 18.03.2021 HH senda Alþingi umsögn um tillögu um áætlun um ýmis mál til hagsbóta fyrir neytendur árin 2022-2025
- 18.03.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um forgangsröð krafna við skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja
- 24.03.2021 Visir.is birtir grein eftir formann HH - Heimilisofbeldi Samfylkingarinnar
- 24.03.2021 Dv.is fjallar um grein formanns HH - Líkir störfum Samfylkingarinnar við heimilisofbeldi
- 26.03.2021 Formaður HH í viðtali í Bítíð á Bylgjunni ásamt þingkonu Samfylkingar um nýleg greinarskrif
- 26.03.2021 Eyjan/DV fjallar um samtal formanns HH og þingkonu Samfylkingar í Bítíð á Bylgjunni
- 28.03.2021 Miðjan.is fjallar um viðbrögð við greinarskrifum formanns HH um heimilisofbeldi Samfylkingarinnar
- 30.03.2021 Stjórnarfundur HH nr. 5/2021**

06.04.2021 HH senda beiðni til menntamálaráðuneytis um stuðning við gerð námsefnis um fjármál fyrir öll skólastig

08.04.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um meðferð fjárhagsupplýsinga um einstaklinga

08.04.2021 HH birta frétt á heimasíðu sinni - *Skráning umdeilda skulda á vanskilaskrá er óheimil*

09.04.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Skráning umdeilda skulda á vanskilaskrá er óheimil*

09.04.2021 Fréttatíminn fjallar um fréttatilkynningu HH um óheimila skráningu umdeilda skulda á vanskilaskrá

09.04.2021 Útvarp Saga fjallar um fréttatilkynningu HH um óheimila skráningu umdeilda skulda á vanskilaskrá

12.04.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um félög til almannaheilla

12.04.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda

12.04.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að skýrslu um alþjóðasamning um mannréttindi (ASEFMR)

20.04.2021 Stjórnarfundur HH nr. 6/2021

27.04.2021 Visir.is birtir grein eftir formenn HH og VR - *Föst í klóm sérhagsmunaaflla*

29.04.2021 Bændablaðið birtir grein eftir formann HH - *Heimilin eiga að vera í forgangi – ALLTAF!*

03.05.2021 Bændablaðið birtir grein á vef sínum eftir formann HH - *Heimilin eiga að vera í forgangi – ALLTAF!*

05.05.2021 HH beina áskorun til ríkisstjórnarinnar - *Stjórnvöld hafa brugðist réttmætum væntingum heimilanna*

05.05.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu um áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna brostinna væntinga heimilanna

05.05.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH um áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna brostinna væntinga heimilanna

05.05.2021 Mbl.is birtir fréttatilkynningu HH um áskorun til ríkisstjórnarinnar vegna brostinna væntinga heimilanna

06.05.2021 HH senda erindi til ritstjórnar Vísindavefs HH varðandi fjölda heimila sem misstu húsnæði eftir hrunið

10.05.2021 Eldri grein formanns HH og Ragnars Þór er mest lesin á Vísi.is: *Hvaðan komu 650 þúsund milljónir?*

11.05.2021 Mælt á Alþingi fyrir frumvarpi um eftirlit með óréttmætum skilmálum í neytendasamningum

11.05.2021 Mælt á Alþingi fyrir frumvarpi um réttarræði neytendaverndarsamtaka

11.05.2021 HH senda Persónuvernd athugasemdir við staðlaða skilmála í starfsleyfum fjárhagsupplýsingastofa

12.05.2021 Bændablaðið birtir grein eftir formann HH - *Hvaða lán eru „rétt lán“ fyrir heimilin?*

12.05.2021 Stjórnarfundur HH nr. 7/2021

17.05.2021 HH senda opið bréf til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra um málefni heimilanna

17.05.2021 Miðjan fjallar um opið bréf HH til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra

17.05.2021 Vefmiðillinn Mannlíf fjallar um opið bréf HH til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra

17.05.2021 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu sinni um opið bréf HH til forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra

17.05.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um eftirlit með skilmálum í neytendasamningum

17.05.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um réttarræði neytendaverndarsamtaka

17.05.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um heimildir til takmarkana á fasteignalán til neytenda

18.05.2021 Formaður HH og lögfræðingur í viðtali á Útvarpi Sögu vegna opins bréfs til leiðtoga ríkisstjórnarinnar

21.05.2021 Bændablaðið birtir grein á vef sínum eftir formann HH - *Hvaða lán eru „rétt lán“ fyrir heimilin?*

27.05.2021 Bændablaðið birtir grein eftir formann HH - *Að snúa hnífnum í sárinu*

27.05.2021 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna frumvarps um fasteignalán

27.05.2021 Visir.is birtir grein eftir formenn HH og VR - *Miskunnarleysi, tómlæti og mannfyrirlitning*

31.05.2021 Formaður VR í viðtali í Harmageddon á X-inu vegna greinar hans og formanns HH á visir.is

01.06.2021 Kjarninn fjallar um frumvarp um takmarkanir á fasteignalán og þar á meðal umsögn HH um málið

03.06.2021 Fulltrúi HH sótti aðalfund Almannaheilla þar sem HH voru boðin velkomin í samtökin

07.06.2021 Bændablaðið birtir grein á vef sínum eftir formann HH - *Að snúa hnífnum í sárinu*

08.06.2021 Formaður HH fundar ásamt formanni VR með forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra

08.06.2021 Stjórnarfundur HH nr. 8/2021

10.06.2021 Bændablaðið birtir grein eftir formann HH - *Fádæma vitleysa að tengja lán við neysluvísitölu*

16.06.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Afstaða stjórnarflokkanna til verðtryggingar opinberuð*

22.06.2021 Mannlíf fjallar um fréttatilkynningu HH um afstöðu stjórnmalaflokka í verðtryggingarmálum

24.06.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu: *Formenn HH og VR funduðu með forsætisráðherra og fjármálaráðherra*

24.06.2021 Bændablaðið birtir grein eftir formann HH - *Við látum ekki blekkjast lengur!*

25.06.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH um fund með forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra

28.06.2021 HH senda Samkeppniseftirlitinu umsögn um sjónarmið um samkeppnisvísa sem fyrirhugað er að birta

28.06.2021 Fulltrúar HH funda með forseta ASÍ, Drífu Snædal, um húsnæðismál og verðtryggingu

01.07.2021 Mannlíf fjallar um fréttatilkynningu HH um fund með forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra

05.07.2021 HH senda Mannréttindaráði SP umsögn vegna þriðju allsherjarúttektar á stöðu mannréttindamála

09.07.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Hver er afstaða seðlabankastjóra til verðtryggingar?*

09.07.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH - *Hver er afstaða seðlabankastjóra til verðtryggingar?*

09.07.2021 Miðjan birtir fréttatilkynningu HH - *Hver er afstaða seðlabankastjóra til verðtryggingar?*

09.07.2021 Mannlíf fjallar um fréttatilkynningu HH - *Hver er afstaða seðlabankastjóra til verðtryggingar?*

09.07.2021 Stundin kortleggur hagsmunaverði - HH koma við sögu í þeirri umfjöllun

05.08.2021 Fjallað er um baráttu HH í aðsendri grein í Morgunblaðinu um Alþingiskosningar 2021

06.08.2021 Ritstjórn Miðjunnar fjallar um grein í Morgunblaðinu um Alþingiskosningar 2021 þar sem fjallað er um HH

06.08.2021 Visir.is birtir grein eftir formenn HH og VR - *Bankarnir eru baggi á samfélaginu*

06.08.2021 Stundin fjallar um greinarskrif formanna HH og VR - *Bankarnir eru blóðsuga á samfélaginu*

06.08.2021 Ragnar Þór formaður VR fjallar um baráttu HH í viðtali á Útvarp Sögu og samvinnu hans og Ásthildar Lóu

10.08.2021 Stjórnarfundur HH nr. 9/2021

12.08.2021 Formaður HH skrifar um mannsæmandi framfærsluviðmið í Bændablaðinu (Alþingiskosningar 2021)

13.08.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að skýrslu vegna allsherjarúttektar SP á mannréttindamálum

13.08.2021 Formaður HH í viðtali á Útvarpi Sögu í viðtalsþætti Ingu Sæland formanns Flokks fólksins um stjórnmal

19.08.2021 Formaður HH í viðtali í Fréttavaktinni á Hringbraut, sem frambjóðandi Flokks fólksins

23.08.2021 Í hádegisfréttum RÚV voru formaður HH og aðrir oddvitar Flokks fólksins kynntir (Alþingiskosningar 2021)

26.08.2021 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um málefni fólks sem fór illa út úr hruninu

31.08.2021 Stjórnarfundur HH nr. 10/2021

02.09.2021 Visir.is birtir grein eftir formann HH og meðframbjóðenda hjá Flokki fólksins - *Tvær hliðar á sömu spillingu*

03.09.2021 Merkja má aukna ásókn í ráðgjafarþjónustu samtakanna eftir viðtal við formann í Reykjavík síðdegis

03.09.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Bankarnir skulda heimilunum lægri vexti*

04.09.2021 Formaður HH í viðtali á kosningahlaðvarpi RÚV sem nýliði Flokks fólksins (Alþingiskosningar 2021)

05.09.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH - *Bankarnir verða að greiða þessa skuld til heimilanna!*

09.09.2021 HH auglýsa óháða ráðgjöf og réttindagæslu á fjármálamarkaði á Visir.is - *Parftu óháða ráðgjöf?*

10.09.2021 HH auglýsa óháða ráðgjöf og réttindagæslu á fjármálamarkaði á Visir.is - *Parftu óháða ráðgjöf?*

11.09.2021 HH kynna svör framboða við spurningum um málefni heimilanna vegna Alþingiskosninga 2021

12.09.2021 Formaður HH tekur þátt í pallborðsumræðum stjórnmalafólks í Silfrinu á RÚV (Alþingiskosningar 2021)

12.09.2021 Kjarninn.is fjallar m.a. um viðhorf formanns HH til spillingar á Íslandi (Alþingiskosningar 2021)

- 15.09.2021 Visir.is birtir grein eftir formenn HH og VR - *Pau elska ykkur bara rétt fyrir kosningar*
- 15.09.2021 Miðjan fjallar um grein Ásthildar og Ragnars Þórs á Vísi - *Pau elska ykkur bara rétt fyrir kosningar*
- 15.09.2021 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að reglugerð um málsmeðferð Neytendastofu
- 15.09.2021 Formaður HH í viðtali á Hringbraut með Ásmundi Einari Daðasyni ráðherra (Alþingiskosningar 2021)
- 16.09.2021 Fréttablaðið fjallar um viðtalið á Hringbraut við formann HH og Ásmund Einar Daðason félagsmálaráðherra
- 16.09.2021 Formaður HH tekur þátt í kjördæmafundi í suðurkjördæmi sem fulltrúi Flokks fólksins
- 22.09.2021 Formaður HH og VR birta saman grein í skoðanadálk Vísis - *Sagan um staðfestan glæp gegn þjóðinni*
- 24.09.2021 HH birta auglýsingaborða fyrir Alþingiskosningar 2021 á Vísi.is - *Svik á svik ofan. (23. og 24. sept.)*
- 24.09.2021 HH birta heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu - *Svik á svik ofan*
- 26.09.2021 Formaður HH fær brautargengi í Alþingiskosningum og mun taka sæti á Alþingi (Alþingiskosningar 2021)
- 01.10.2021 Formaður HH og nýr þingmaður Ásthildur Lóa Þórsdóttir í viðtali á Útvarpi Sögu
- 04.10.2021 Neytendastofa birtir ákvörðun í máli Birtu lífeyrissjóðs sem byggðist m.a. á kvörtun frá HH
- 13.10.2021 Forystufólk HH og formaður VR birta grein á visir.is - *Felum klúðrið – fórnun heimilunum: Aftur!*
- 19.10.2021 Fulltrúar HH sækja morgunverðarfund ASÍ og Neytendasamtakanna um stöðu neytendaverndarsamtaka
- 19.10.2021 Stjórnarfundur HH nr. 11/2021**
- 22.10.2021 Formaður HH fjallar um reynslu sína og eiginmanns af hruninu á Facebook síðu samtakanna
- 27.10.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Vaxtahækkunarir eru ekkert lögmál og engin þörf á þeim*
- 27.10.2021 Miðjan birtir fréttatilkynningu HH með áskorun um að haldið verði aftur af vaxtahækkunum
- 27.10.2021 Útvarp Saga fjallar um fréttatilkynningu HH með áskorun um að haldið verði aftur af vaxtahækkunum
- 04.11.2021 Morgunblaðið birtir grein eftir formann HH - *Glæpur gegn þjóðinni*
- 04.11.2021 Bændablaðið birtir grein eftir formann HH - *Engin þörf á að hækka vexti*
- 05.11.2021 Bændablaðið birtir grein á vef sínum eftir formann HH - *Engin þörf á að hækka vexti*
- 08.11.2021 Fréttatíminn birtir fréttatilkynningu HH með áskorun um að haldið verði aftur af vaxtahækkunum
- 08.11.2021 Hagsmunasamtök heimilanna sækja um þjónustusamning og styrk til Félagsmálaráðuneytisins
- 14.11.2021 Mannlíf vitnar í skrif formanns HH í Morgunblaðið (*Glæpur gegn þjóðinni*) í umfjöllun um verðtryggingu
- 16.11.2021 Stjórnarfundur HH nr. 12/2021**
- 17.11.2021 Bændablaðið endurbirtir grein á vef sínum eftir formann HH - *Engin þörf á að hækka vexti*
- 18.11.2021 Formaður HH og þingmaður Flokks fólksins í Bítinu um verðbólguna, verðtrygginguna og Alþingi
- 28.11.2021 HH senda nýja kvörtun til Neytendastofu yfir hækkun Birtu lífeyrissjóðs á vaxtaálagi óverðtryggðra lána
- 01.12.2021 HH senda Félagsmálaráðuneytinu greinargerð vegna styrks frá ráðuneytinu fyrr á árinu
- 01.12.2021 Formaður HH og 3. þingmaður suðurkjördæmis flytur jómfrúarræðu sína á Alþingi
- 03.12.2021 Fréttablaðið fjallar um framlögð frumvörp Ásthildar Lóu Þórsdóttur formanns HH á Alþingi
- 03.12.2021 Kjarninn fjallar um frumvörp Flokks fólksins og að málefni HH séu þar ofarlega á baugi
- 06.12.2021 HH birta grein á vefsíðu samtakanna um afleiðingar hrunsins - *Stofnanir brugðust í hruninu*
- 07.12.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu: *Sjálfbóðaliðar sem unnu þrekvirki*
- 08.12.2021 Stjórnarfundur HH nr. 13/2021 - Boðuðum fundi var aflýst vegna sóttvarna**
- 13.12.2021 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um skatta og gjöld varðandi almannaheillasamtök
- 15.12.2021 HH senda frá sér fréttatilkynningu - *Aðvörun til neytenda vegna vaxtabreytinga Íslandsbanka*
- 15.12.2021 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu sinni um aðvörun HH til neytenda vegna vaxtabreytinga Íslandsbanka
- 15.12.2021 Fréttin fjallar um aðvörun HH til neytenda vegna vaxtabreytinga Íslandsbanka

- 15.12.2021 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni vegna vaxtabreytinga Íslandsbanka
- 27.12.2021 Formaður HH og Alþingismaður Flokks fólksins heldur aðra ræðu sína á Alþingi Íslendinga
- 27.12.2021 RÚV vísar í fréttum af Alþingi til ummæla formanns - "*Hættum þessari meðvirkni með fjármagnsöflunum*"
- 30.12.2021 Miðjan.is fjallar um ræðu Ásthildar Lóu Þórsdóttur á Alþingi þar sem var mælt fyrir hækkun bankaskatts
- 29.12.2021 HH birta varnaðarorð um verðtryggð lán á vefsíðu sinni - *Verðtryggð lán eru aldrei hagstæð*
- 30.12.2021 Lögmaður HH sendir beiðni um endurupptöku verðtryggingarmáls samtakanna til Endurupptökudómstóls
- 03.01.2022 Morgunblaðið birtir grein eftir formann HH - *Hótanir um hefnd*
- 04.01.2022 Hringbraut fjallar um grein Ásthildar Lóu í Morgunblaðinu - *Hótanir um hefnd*
- 10.01.2022 Kjarninn.is birtir grein eftir formann HH og formann VR - *Hrein og klár eignatilfærsla*
- 11.01.2022 Stjórnarfundur HH nr. 1/2022**
- 12.01.2022 Fulltrúar stjórnar HH funda með Lilju Dögg Alfreðsdóttur, nýskipuðum ráðherra neytendamála
- 13.01.2022 Formaður HH í viðtali í Bítíð á Bylgjunni um bankana ásamt fréttastjóra markaðarins hjá Fréttablaðinu
- 18.01.2022 Formaður HH og þingmaður mælir fyrir um frystingu verðtryggingar út árið á Alþingi
- 20.01.2022 HH senda erindi til ráðherra neytendamála um samstarf í neytendavernd á fjármálamarkaði
- 27.01.2022 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um frystingu verðtryggingar árið 2022
- 31.01.2022 Frumvarp formanns um frystingu verðtryggingar er kynnt á vefsíðu Hagsmunasamtaka heimilanna
- 31.01.2022 Formaður HH í viðtali í Morgunblaðinu - *Baráttan myndar sprungur í vegginn*
- 01.02.2022 Kjarninn fjallar um ræðu Ásthildar Lóu á Alþingi - *Ríkisstjórnin beri ábyrgð og geti ekki firrt sig henni*
- 01.02.2022 Stjórnarfundur HH nr. 2/2022**
- 08.02.2022 Fulltrúar HH fjarfunda með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp um frystingu verðtryggingar
- 09.02.2022 Hagsmunasamtök heimilanna senda félagsmönnum og birta á heimasíðu fundarboð aðalfundar 2022
- 20.02.2022 Hagsmunasamtök heimilanna birta ársskýrslu samtakanna vegna starfsársins 2021-2022
- 22.02.2022 Hagsmunasamtök heimilanna senda félagsmönnum fréttabréf - *Samtök um almannahag*
- 23.02.2022 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2022**

Viðauki:

Yfirlit þingstarfa Ásthildar Lóu Þórsdóttur formanns stjórnar samtakanna í þágu málefna heimilanna

- 01.12.2021 Frumvarp um stuðning til öflunar íbúðarhúsnæðis lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um ógilda skilmála í neytendasamningum lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um nauðungarsölu og eftirstöðvar (lyklafrumvarp) lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um ófrávíkjanlega leyfisskyldu innheimtufyrirtækja lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um breytingu á gjaldstofni fasteignaskatts lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um endurfjármögnun verðtryggðra lána (breytirétt) lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um frystingu verðtryggingar húsnæðisskuldbindinga 2022 lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um réttindi neytenda vegna framsals fasteignalánasamninga lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um styttingu fyrningartíma kröfuréttinda vegna neytendalána lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Frumvarp um aukin réttarúrræði neytendaverndarsamtaka lagt fram á Alþingi
- 01.12.2021 Ásthildur Lóa Þórsdóttir fjallar um stöðu heimilanna í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi
- 03.12.2021 Fyrirspurn um stöðu heimilanna í kórónuveirukreppunni lögð fram á Alþingi
- 09.12.2021 Fyrirspurn um ógildingarmál og stefnubirtingu lögð fram á Alþingi
- 09.12.2021 Fyrirspurn um skuldir heimila við fjármálafyrirtæki lögð fram á Alþingi
- 09.12.2021 Fyrirspurn um valfrjálsa bókun við ASEFMR lögð fram á Alþingi
- 18.01.2022 Mælt fyrir frumvarpi um frystingu verðtryggingar húsnæðisskuldbindinga 2022 á Alþingi
- 20.01.2022 Fyrirspurn um nauðungarsölur, fjárnám og gjaldþrot 2022 lögð fram á Alþingi
- 25.01.2022 Fyrirspurn um valfrjálsa bókun við ASEFMR svarað á Alþingi
- 27.01.2022 Fyrirspurn um fasteignamat 2021 vegna bílastæða við fjöleignarhús lögð fram á Alþingi
- 01.02.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir fjallar um vaxtahækkanir húsnæðislána í umræðum um störf Alþingis
- 02.02.2022 Ásthildur Lóa Þórsdóttir fjallar um áhrif hækkandi verðbólgu í umræðum um störf Alþingis
- 03.02.2022 Fyrirspurn um skuldir heimila við fjármálafyrirtæki svarað á Alþingi

Ýmis önnur þingstörf Ásthildar Lóu Þórsdóttur á 152. löggjafarþingi:

- 3. varaforseti Alþingis
- Varaformaður þingflokks - Flokkur fólksins
- Nefndarmaður í efnahags- og viðskiptanefnd
- Nefndarmaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
- Varaformaður vestnorræna ráðsins

ÁRSREIKNINGUR 2021

- fyrir aðalfund 23. febrúar 2022

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2021
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2021

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

Áritun bókhaldsstofu.....	3
Áritun stjórnar og skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Skýringar.....	8-9
Sundurliðanir með ársreikningi.....	10-11

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2022 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Vísað er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörsins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Hafnarfirði, 20. febr. 2022,

Jón bókari slf., bókhaldspjónusta,



Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókari.

Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

Kjörnir stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, tímabilið 24. febrúar 2021 til 23. febrúar 2022, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2021, með undirritun sinni.

Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar.

Hafnarfirði, 20. febr. 2022,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna starfsárið 2021 til 2022:

Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
formaður,

Vilhjálmur Bjarnason,
varaformaður,

Sigríður Örlygisdóttir,
gjaldkeri,

Einar Valur Ingimundarson,
ritari,


Hafþór Ólafsson,
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2021.

Hafnarfirði, 20. febr. 2022,


Sigríður Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,


Sólveig Sigurgeirsdóttir,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2021	2020
Tekjur:			
Félagsgjöld	7	8.937.600	9.515.800
Framlög og styrkir	8	10.173.850	1.531.500
Sérstök fjáröflun	9	1.219.699	1.658.600
Málskostnaðarstyrkir	10	57.000	55.000
Tekjur af útseldri þjónustu	11	0	0
Aðrar tekjur	12	0	0
		20.388.149	12.760.900
 Gjöld:			
Aðkeypt vinna til endursölu	13	0	420.863
Aðkeypt vinna vegna fjáröflunar	14	27.920	130.944
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar		53.293	160.264
Annar kostnaður v/fjáröflunar		0	0
Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda		27.056	527.816
Annar kostnaður v/innheimtu félagsgjalda		0	0
Laun og launatengd gjöld	6/17	9.582.424	8.782.793
Málskostnaðarstyrkir	16	0	0
Lögfræðikostnaður	18	1.396.372	911.300
Þýðingar		0	0
Auglýsingar		1.531.400	20.317
Húsaleiga		2.002.876	564.000
Kannanir og rannsóknir		0	0
Árgjöld til samstarfsfélaga	15	25.000	0
Annar rekstrarkostnaður	19	1.279.723	940.819
		15.926.064	12.459.116
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		62.847	98.175
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	20	(22.325)	(25.720)
		40.522	72.455
 Skattar- og gjöld:			
Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs	5	(21.579)	(75.896)
Uppgjör eldri fjármagnstekjuskatts v/vaxta	5	0	0
 Rekstrarafgangur (tap) ársins		 4.481.028	 298.343

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Fastafjármunir:			
		0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Tryggingafé vegna húsaleigu		211.000	0
		211.000	0
Fastafjármunir og áhættufjármunir alls		211.000	0
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	5	13.796	21.574
Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur	3/5	94.000	0
Bankainnstæður í árslok	4/21	20.457.577	15.708.560
Veltufjármunir alls		20.565.373	15.730.134
Eignir samtals		20.776.373	15.730.134

pr. 31. desember

	Skýr.	2021	2020
Skuldir og handbært fé			
Handbært fé:			
Óráðstafað handbært fé félagssjóðs		12.997.509	9.731.397
Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs	4	276.987	219.389
Óráðstafað handbært fé fjáröflunarsjóðs	4	6.380.084	5.222.766
Annað óráðstafað handbært fé	4	0	0
Óráðstafað handbært fé alls		19.654.580	15.173.552
 Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		850.627	208.841
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6/17	271.141	347.721
Aðrar skammtímaskuldir	5	25	20
Skammtímaskuldir alls		1.121.793	556.582
Skuldir alls		1.121.793	556.582
 Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals		20.776.373	15.730.134

Skýringar

Reikningsskilaaðgerðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Félagið lagði út kr. 211.000 fyrir tryggingu vegna húsaleigu á árinu 2021.

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna fyrirframgreiðslu skatta. Þar er einnig fjárhæð kr. 94.000 vegna ofgreiðslu á húsaleigu árið 2021.

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2021 nemur kr. 19654580.

	Óráðstafað handbært fé	Samanburður við fyrra ár
Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári	15.173.552	13.784.641
Rekstrarafgangur (tap) ársins	4.481.028	298.343
	<u>19.654.580</u>	<u>14.082.984</u>

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

	Sundurliðun	Árið 2020
Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári	5.366.690	3.726.394
Innborganir frá styrktaraðilum	1.219.699	1.658.600
Posaleiga	0	-18.172
Skuld við félagssjóð v.posaleigu	0	12.980
Bankakostnaður v.innheimtu	-51.877	-140.622
Þóknun og kostnaður kortafyrirtækis	-1.416	-1.470
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuvinna	-27.920	-130.944
Aðrar (-kröfur) skuldir við félagssjóð	27.920	130.944
Endurgreidd skuld við félagssjóð f.f.ári	0	106.440
Veittir málsóknarstyrkir	0	0
Innvextir	24.129	28.883
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-5.297	-6.343
	<u>6.551.928</u>	<u>5.366.690</u>
Óuppgert við félagssjóð v.posaleiga	-12.980	-12.980
Annað óuppgert við félagssjóð	-158.864	-130.944
Útistandandi krafa	0	0
Óráðstafað fé fjáröflunarsjóðs:	<u>6.380.084</u>	<u>5.222.766</u>

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

	Sundurliðun	Árið 2020
Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári	219.389	163.805
Framlag úr félagssjóði	0	0
Innborgaðir styrkir	57.000	55.000
Innvextir bankareiknings	760	739
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-162	-155
Greiddur þýðingarkostnaður	0	0
Greiddur lögfræðikostnaður	0	0
Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok:	<u>276.987</u>	<u>219.389</u>
Óuppgert við félagssjóð v.útl. málskostn.	0	0
Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs:	<u>276.987</u>	<u>219.389</u>

Skýringar

Skattamál

5. Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur kr. 13.796, mun ganga upp í álagningu skattsins pr. 1. nóv. 2022. Í árslok 2021, eru kr. 25 ógreiddar vegna álagðs fjármagnstekjuskatts vegna 2020.

Starfsmannamál

6. Tveir starfsmenn voru á launaskrá hjá samtökunum á árinu í 50% starfshlutföllum. Samtals fjöldi greiddra vinnustunda á árinu jafngildi 0,96 stöðugildi (0,92 árið áður). Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykka samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2021	2020
7. Félagsgjöld:			
Félagsgjöld, 2021 @4.900 (1825 greiðslur)		8.942.500	0
Félagsgjöld, 2020 @4.900 (0/1939+2 millifærslur)		0	9.510.900
Félagsgjöld, 2020 @4.900 (0/2 aukagreiðslur)		0	9.800
Félagsgjöld, 2019 @4.900 (0/1780 greiðslur)		0	0
Félagsgjöld, 2018 @3.500 (0/117/2042 alls 2159 greiðslur)		0	0
Félagsgjöld, 2018, hlutagreiðslur (alls 1 félagsgj.)		0	0
Félagsgjöld, 2015 og eldri @2.400 (0/24 greiðslur)		0	0
Endurgreidd og afskrifuð félagsgjöld		(4.900)	(4.900)
Félagsgjöld alls:		<u>8.937.600</u>	<u>9.515.800</u>
8. Framlög og styrkir:			
Framlög frá einstaklingum		58.000	26.500
Framlög frá ríkissjóði		10.000.000	1.500.000
Framlög frá sveitarfélögum		0	0
Framlög frá stéttarfélögum		50.000	0
Framlög frá öðrum aðilum (lögaðilum)		65.850	5.000
Framlög og styrkir alls:		<u>10.173.850</u>	<u>1.531.500</u>
9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH):			
Fjáröflun frá einstaklingum		1.135.699	1.571.600
Fjáröflun frá lögaðilum		0	0
Fjáröflun með boðgreiðslum		84.000	87.000
Fjáröflun alls:	4	<u>1.219.699</u>	<u>1.658.600</u>
10. Málskostnaðarstyrkir:			
Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum		57.000	55.000
Málskostnaðarstyrkir frá öðrum		0	0
Málskostnaðarstyrkir alls:	4	<u>57.000</u>	<u>55.000</u>
11. Tekjur af útseldri þjónustu:			
Þjónustutekjur vegna endurútreikninga		0	0
Tekjur af útseldri þjónustu alls:		<u>0</u>	<u>0</u>
12. Aðrar tekjur:			
Niðurfelldar eldri skuldir við lánardrottna		0	0
Aðrar tekjur alls:		<u>0</u>	<u>0</u>
13. Aðkeypt vinna til endursölu:			
Aðkeypt vinna án vsk		0	420.863
Aðkeypt vinna til endursölu alls:		<u>0</u>	<u>420.863</u>
14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun:			
Aðkeypt vinna við fjáröflun án vsk		0	0
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun v/fyrri árs		0	63.984
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun		27.920	66.960
Aðkeypt vinna við fjáröflun alls:		<u>27.920</u>	<u>130.944</u>
15. Árgjöld til samstarfsaðila:			
Árgjald til EAPN		25.000	0
Árgjöld til samstarfsaðila alls:		<u>25.000</u>	<u>0</u>
16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna:			
Styrkir út fjáröflunarsjóði til félagsmanna:		0	0
Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls:		<u>0</u>	<u>0</u>

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2021	2020
17. Laun og launatengd gjöld:			
Laun		7.955.225	7.266.236
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður		1.627.199	1.516.557
Laun og launatengd gjöld alls:	6	<u>9.582.424</u>	<u>8.782.793</u>
18. Lögfræðikostnaður:			
Lögfræðikostnaður greiddur úr málskostnaðarsjóði		0	911.300
Lögfræðikostnaður greiddur úr félagssjóði		793.732	0
Lögfræðikostnaður ógreiddur í árslok		602.640	0
Lögfræðikostnaður greiddur úr fjáröflunarsjóði		0	0
Lögfræðikostnaður alls:		<u>1.396.372</u>	<u>911.300</u>
19. Annar rekstrarkostnaður:			
Gjaldfærð áhöld og tæki		0	135.992
Viðhald tækja og hugbúnaðar		36.270	0
Aðkeyptur akstur og annar bifreiðakostnaður		0	0
Símakostnaður		29.071	27.242
Burðargjöld		7.075	1.950
Pappír, prentun og ritföng		81.296	11.706
Ferðakostnaður		0	0
Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu		114.632	63.215
Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu		526.380	209.250
Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör		368.160	366.851
Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf		94.562	124.613
Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls:		<u>1.257.446</u>	<u>940.819</u>
20. Vextir og fjármagnsgjöld:			
Ýmis vaxtagjöld		(14.994)	(21.101)
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		(7.331)	(4.619)
Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls:		<u>(22.325)</u>	<u>(25.720)</u>
21. Handbært fé:			
Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga		13.628.662	10.122.481
Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	6.551.928	5.366.690
Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	276.987	219.389
Handbært fé alls:		<u>20.457.577</u>	<u>15.708.560</u>

SAMÞYKKTIR 2021

- fyrir aðalfund 23. febrúar 2022

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017, 20. febrúar 2018, 25. febrúar 2020 og 23. febrúar 2021. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktta samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna, skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórn málaflökkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.

- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjá daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð 5 aðalmönnum og 3-5 til vara, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluti stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður til jafns við aðra gefið kost á sér til verkefna, sem stjórn ákveður að stofna til og kaupa þjónustu fyrir gegn eðlilegu og sanngjörnu endurgjaldi, enda hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun. Skal hann þá jafnframt víkja sæti við allar frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið. Gera skal skriflegan

þjónustusamning um hvert verkefni, sem innihaldi skýra verklýsingu og upplýsingar um alla kostnaðarskiptingu verkefnisins milli verkkaupa og verksala.

- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarformaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundi um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundi. Formaður boðar til stjórnarfunda með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eða fleiri stjórnarmenn eða varamenn þeirra eru mættir.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundi nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórn málasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórn málasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórn málasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórn málasamtaka. Formlegir talsmenn stjórn málasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórn málasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.
- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs reksturs, fundahalda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar.

- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórnáaflokkum / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyprtar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.
- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykkir tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mætttra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökin lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað til líknarstarfa.

Athugasemdir:

Samþykktir þessar voru lagðar fyrir á stofnfundi Hagsmunasamtaka heimilanna þann 15. janúar 2009 og þar lagt í hendur stjórnar að útfæra frekar og þær samþykktar af stjórn þann 4. febrúar 2009. Á öðrum aðalfundi samtakanna, 27. apríl 2010 voru samþykktar breytingar á 4. grein (Markmið) og 6. grein (Aðalfundur). Á fjórða aðalfundi samtakanna 31. maí 2012 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn) og 10. grein (Verkefni stjórnar). Á sjötta aðalfundi samtakanna 15. maí 2014 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn). Á sjöunda aðalfundi samtakanna 21. maí 2015 var samþykkt að bæta nýrri málsgrein við 6. gr. (Aðalfundur). Á níunda aðalfundi samtakanna 20. maí 2017 var samþykkt breyting á 6. gr. (Aðalfundur). Á tíunda aðalfundi samtakanna 20. febrúar 2018 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn). Á tólfta aðalfundi samtakanna 25. febrúar 2020 var samþykkt breyting á 9. grein (Stjórn). Á 13. aðalfundi samtakanna 23. febrúar 2021 voru samþykktar breytingar á 9. gr. (Stjórn) og 10. gr. (Verkefni stjórnar). Samþykktirnar hafa verið uppfærðar til samræmis við þessar breytingar.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins í Reykjavík, 23. febrúar 2021.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á SAMÞYKKTUM

Eftirfarandi tillögur að breytingum á samþykktum Hagsmunasamtaka heimilanna voru kynntar í fundarboði aðalfundar samtakanna 2022 og verða því teknar til afgreiðslu á aðalfundinum.

A. Vegna laga um félög til almannaheilla nr. 110/2021

1. Á eftir orðunum “Hagsmunasamtök heimilanna” í 1. mgr. 1. gr. kemur: *fta*.
2. Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Samtökin starfa samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.
3. Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þar sem ákvæði þessara samþykpta segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.
4. Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:
Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.

Tillaga að ályktun:

Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2022 ályktar að fela stjórn samtakanna að sækja um skráningu samtakanna á almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum um félög til almannaheilla og almannaheillaskrá fyrirtækjaskrár skattsins samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Greinargerð:

Þessar breytingar eru nauðsynlegar til að uppfylla skilyrði laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla í því skyni að samtökin geti öðlast opinbera skráningu sem slík samtök. Verði þær samþykktar er jafnframt lagt til að stjórn samtakanna verði falið að sækja um slíka skráningu.

B. Vegna réttar- og hagsmunagæslu fyrir hönd félagsmanna og neytenda

1. Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Samtökin koma fram fyrir hönd félagsmanna og neytenda á fjármálamarkaði í hverskyns hagsmunamálum, svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum eða hverjum öðrum málferlum er snerta réttindi þeirra.
2. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:
 - a. Á eftir orðinu “vegna” í 2. mgr. kemur: *brotá gegn réttindum neytenda eða.*

b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Í því skyni geta samtökin höfðað dómsmál eða leitað annarra réttarúrræða til að vernda heildarhagsmuni neytenda og stutt neytendur í fordæmisgefandi málum.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samtökin geta unnið að tilgangi sínum og markmiðum með aðild að og þátttöku í starfsemi félagasambanda sem hafa samrýmanlegan tilgang og markmið.

Greinargerð:

Þessar tillögur taka meðal annars mið af 2. mgr. 2. gr. laga Öryrkjabandalags Íslands og hafa þann tilgang að áréttu aðildarhæfi HH í hverskyns hagsmunamálum félagsmanna og neytenda á fjármálamarkaði. Vegna aðildar HH að heildarsamtökum á borð við Almannaheill og EAPN er einnig lagt til að sérstaklega komi fram að slíkt samstarf samræmist markmiðum HH.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2022

Framboð til aðalstjórnar:

- | | | |
|---|--|---|
| <input type="checkbox"/> Ásthildur Lóa Þórsdóttir | <input type="checkbox"/> Einar Valur Ingimundarson | <input type="checkbox"/> Guðmundur Ásgeirsson |
| <input type="checkbox"/> Hafþór Ólafsson | <input type="checkbox"/> Sigríður Örlygsdóttir | <input type="checkbox"/> Vilhjálmur Bjarnason |

Framboð til varastjórnar:

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Álfheiður Eymarsdóttir | <input type="checkbox"/> Björn Kristján Arnarson |
| <input type="checkbox"/> Ragnar Unnarsson | <input type="checkbox"/> Stefán Stefánsson |

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Skoðunarmenn reikninga gefa kost á sér til endurkjörs á aðalfundi 2022:

- | | |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir | <input type="checkbox"/> Sólveig Sigurgeirsdóttir |
|---|---|

